

**Nd.**

**157. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

**1. gr.**

4. gr. laga nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, orðist svo:

Nú er lögtak leyft, og skal beiðandi eða fógeti, er hann samkvæmt embættisskyldu á að annast um framkvæmd á lögtaki, hlutast til um, að beiðnin með árituðum úrskurði sé birt skuldunaut af stefnuvottum að minnsta kosti viku fyrir en lögtak á að fara fram. Þá er heimtir skulu skattar til rikissjóðs, bæjargjöld eða sveitar, kirkjugjöld, brunabótagjöld, ef hreppur eða kaupstaður hefir vátryggt á sama stað, og önnur opinber gjöld, nægir að auglýsa á þann hátt, sem tíðkast um opinberar auglýsingar, að fógeti hafi úrskurðað lögtak á gjöldunum og að lögtakið fari fram án frekari fyrirvara. Skal það gert að minnsta kosti viku áður en lögtakið á að fara fram. Eigi er þörf að greina nöfn skuldunauta í auglýsingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1931.